



**-ÁSKRIFTARSKRÁ-
SKRÁNING FYRIR
KAUPUM Á BREYTANLEGU SKULDABRÉFI
útgefnu af Solid Clouds hf.**

Á hluthafafundi Solid Clouds hf., kt. 600913-2550, Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi (hér eftir „Solid Clouds“ eða „félagið“), hinn 10. janúar 2025 var tillaga stjórnar félagsins um að félagið gefi út skuldabréf með breytirétti samþykkt.

Samkvæmt tillögunni hefur þú sem hluthafi *forgangsrétt* til kaupa á skuldabréfi útgefnu af félaginu með rétti til að breyta kröfu samkvæmt bréfinu í hluti í því á genginu 1 kr. fyrir hvern hlut.

Skuldabréfið er með gjalddaga 15. september 2025 og ber 15% fasta vexti. Breytiréttur hluthafa á höfuðstól og áföllnum vöxtum virkjast við *síðari fjármögnun* félagsins eða við *síðari atvik* eða í aðdraganda gjalddaga skuldabréfsins, líkt og nánar er útlitað í skilmálum skuldabréfsins. Þá er breytiskylda að kröfu félagsins við síðari fjármögnun félagsins. Til upplýsinga þá má sjá ákvörðun hluthafafundar, skilmála skuldabréfsins og nýjustu kynningu félagsins á vefslóðinni <https://www.solidclouds.com/investors/docs>.

Frestur hluthafa til að skrá sig fyrir kaupum á breytanlegu skuldabréfi er til og með **24. janúar 2025**. Greiðslufrestur er til kl. **16:00** þann **27. janúar 2025**.

Ef hluthafi hyggst skrá sig fyrir kaupum á skuldabréfi þá þarf að prenta út þessa áskriftarskrá, fylla út neðangreinda reiti og undirrita skjalið. Í kjölfarið þarf að skanna eða taka mynd af skjalinu og senda á netfangið investors@solidclouds.com.

Réttur hvers hluthafa tekur til þess að geta eignast allt að **0.5274%** af nafnverðseign – en heimilt er að óska eftir kaupum á hærri fjárhæð en loka úthlutun fer eftir þátttöku annarra hluthafa.

Sú fjárhæð sem óskað er eftir setur þú í reitinn *kaupverð*.

Nafn hluthafa:	Kennitala:
Kaupverð:	

1. Skráning þessi er **skuldbindandi og óafturkallanleg** af hálfu hluthafa en samningur um kaup á skuldabréfi telst ekki bindandi fyrir félagið fyrr en áskriftarskrá þessi hefur verið samþykkt af félaginu. Áskrift félagsins telst samþykkt af hálfu félagsins með undirritun f.h. félagsins á áskriftarskrá þessa.



2. Hluthafi staðfestir að hann hafi næga þekkingu á viðskiptum og fjármálum sem eru nauðsynleg til að geta metið þá fjárfestingu sem hluthafi er að skrá sig fyrir og meta þá áhættu sem fylgir slíkri fjárfestingu. Hefur hluthafi kynnt sér sérstaklega þá áhættuþætti sem fylgja kaupum á breytanlegu skuldabréfi útgefnu af félaginu og lýsir yfir að hann búi yfir eða hafi aflað sér sérfræðiráðgjafar þriðju aðila áður en áskrift þessi var undirrituð af hálfu hluthafa.
3. Aðili sem skrifar undir fyrir hönd hluthafa ábyrgist að hann hafi nægilegt umboð til að skuldbinda hluthafa, þ.m.t. að aflað hafi verið samþykkis í stjórn eða hluthafafundar eftir því sem nauðsynlegt er til að hluthafi verði skuldbundinn af áskrift þessari. Einstaklingur sem skrifar undir fyrir hönd lögaðila ábyrgist að hann hafi lögformlega heimild til að skuldbinda lögaðilann um áskrift þessa.
4. Rísi mál út af áskrift þessari má reka málið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Um áskrift þessa gilda íslensk lög.
5. Félagið mun **senda kröfu í heimabanka** þeirra hluthafa sem undirrita og senda félaginu áskriftarskrá þessa vegna greiðslu á kaupverði skuldabréfsins. Greiða þarf kröfuna ekki síðar en **27. janúar 2025 kl: 16:00**. Greiði áskrifandi ekki kaupverð skuldabréfsins samkvæmt framangreindu þá er stjórn félagsins heimilt að innheimta kröfuna með öllum lögumætum úrræðum eða ógilda þann hluta áskriftar sem er ógreiddur og bjóða öðrum hluthöfum að taka yfir skuldbindingar viðkomandi hluthafa.

Staður og dagsetning

f.h. hluthafa

Nafn

Kennitala

Vottar að rétttri undirritun og dagsetningu:

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Staður og dagsetning

f.h. félagsins
